



Fjölbrautaskóli Suðurlands

Nútímabókmenntir

ÍSLE3NB05

Kennsluáætlun haustönn 2021

Kennarar

Bertha Ingibjörg Johansen (BEJ), Rósa Marta Guðnadóttir (RMG).

Áfangalýsing

Í áfanganum kynast nemendur íslenski bókmenntasögu frá 1900 til nútímans í samhengi við strauma og stefnur í þjóðfélags- og menningarmálum bæði héraendis og erlendis. Nemendur læra um helstu höfunda þessa tímabils, lesa verk eftir þá, glöggva sig á inntaki bókmenntaverkanna og reyna að átta sig á erindi þeirra við eigin samtíma og nútímamann.

Markmið áfangans

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- inntaki og einkennum þeirra verka sem lesin eru
- ritgerðarsmið og heimildavinnu
- helstu einkennum íslensks máls sem nýtast honum í ræðu og riti
- orðaforða sem nægir til að lesa helstu verk íslenskrar bókmenntasögu
- helstu bókmenntastefnum sem tengjast viðfangsefninu

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skrifa ritgerðir þar sem hann beitir gagnrýninni hugsun við úrvinnslu og kemur efninu á framfæri á skýran og vandaðan hátt á blæbrigðaríku máli
- ganga frá texta til birtingar
- nýta sér uppbyggilega gagnrýni
- skilja og nota viðeigandi stílbrögð og menningarlegar vísanir í tal- og ritmáli
- nýta sköpunargáfu við vinnslu verkefna

Hæfniviðmið

Nemandi skal í lok áfanga geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- túlka og bera saman bókmenntaverk og setja þau í sögulegt samhengi
- skrifa skýran og vel uppbyggðan texta
- leggja mat á og efla eigin málfærni
- velja ritstíl sem hæfir aðstæðum
- tjá rökstudda afstöðu

Námsefni

- Elínborg Ragnarsdóttir og Sólveig Einarsdóttir. (2017). *Skáld skrifa þér – brot úr bókmenntasögu frá 1920 til nútímans*. Reykjavík: JPV-útgáfa.
- Halldór Laxness. (2007). *Sjálfstætt fólk*. Reykjavík: Vaka-Helgafell
- Kristín Helga Gunnarsdóttir. (2015). *Litlar byltingar*. Reykjavík: Mál og menning.
- Efni frá kennurum.

Námsmat

10% Mæting, virkni og frumkvæði í umræðum og verkefnavinnu.

25% Bókmenntasaga, próf og verkefni

20% Ýmis verkefni úr Landnámsmanni Íslands, ljóðum og smásögum
 25% *Litlar byltingar – draumar um betri daga*, próf og verkefni
 20% Bókmenntaritgerð

Nútímabókmenntir – vinnuáætlun haustönn 2021

Vika	Dags.	Viðfangsefni og verkefni.
1/33	18.-22. ágúst	Áfangi kynntur. Kynning á innihaldi áfanga, kröfum hans og áherslum.
2/34	23.-29. ágúst	Tímabilið 1900-1930. <i>Skáld skrifa þér</i> , bls. 13-23. Almennt um íslenskar bókmenntir á 20. öld. Ljóð og ljóðgreining. Heimalestur á Landnámsmanni Íslands (Fyrsta bindi Sjálfstæðs fólks).
3/35	30. ág-5. sept	Tímabilið 1930-1950. Lestur á Landnámsmanni Íslands. <i>Skáld skrifa þér</i> , bls. 25-69. Verkefni.
4/36	6. – 12. sept.	Landnámsmaður Íslands.
5/37	13.-19. sept.	Tímabilið 1950-1970. <i>Skáld skrifa þér</i> , bls. 71-123.
6/38	20.-26. sept.	Tímabilið 1968-1990. <i>Skáld skrifa þér</i> , bls. 125-144.
7/39	27. sept.-3. okt.	Tímabilið 1990 til okkar daga. <i>Skáld skrifa þér</i> , bls. 145-172. Verkefni/próf.
8/40	4.-10. okt. Miðannamat	Litlar byltingar , bls. 9-90. Próf/verkefni.
9/41	11.-17. okt. Áfangamessa 13.	Litlar byltingar , bls. 91-180 Próf/verkefni. Haustfrí 14.-15.
10/42	18.-24. okt. Valdagur 20. okt.	Litlar byltingar , bls. 183-273 Próf/verkefni.
11/43	25.-31. okt.	Litlar byltingar , úrvinnsla og ritgerð Próf/verkefni úr bókinni.
12/44	1.-7. nóv.	Litlar byltingar. Próf/verkefni. Munnlegt próf.
13/45	8.-14. nóv.	Það nýjasta í íslenskum bókmenntum. Ritgerð skilað 8. nóv.
14/46	15.-21. nóv.	Það nýjasta í íslenskum bókmenntum. Dagur ísl. tungu 16. nóv
15/47	22.-28. nóv.	Lokaverkefni, úrvinnsla.
17/48	29. nóv. - 5. des.	Lokaverkefni, flutningur. Síðasti kennslud. 3. des.

Hafið í huga...

Ekki verður tekið við ritgerð eftir að skilafrestur rennur út nema samið hafi verið um slíkt og sérstakar ástæður komi til.

Nemendur sem missa af prófum/verkefnum vegna veikinda bera sjálfir ábyrgð á því að tilkynna kennara að þeir eigi eftir að taka próf. Sjúkrapróf fara fram þegar nemandi mætir heill heilsu aftur í skólann.

Nemendum ber að virða höfundarrétt og ekki skila inn verkefnum sem koma frá öðrum. Verði nemandi uppvís að slíku fær hann verkefni sitt ekki metið til einkunnar. Sama gildir um þann nemanda sem lætur öðrum verkefni í té.

Óheimilt er að vera með síma í tímum nema með leyfi kennara. **Óleyfileg símanotkun jafngildir fjarvist í kennslustund.**

Stefnt er að leikhúsférfi á önninni.

Með fyrirvara um breytingar á kennsluáætlun og ósk um áhuga, jákvæðni og góða mætingu, 16. ágúst 2021.

Bertha Ingibjörg Johansen (BEJ) berthajo@fsu.is

Rósa Marta Guðnadóttir (RMG) rosamarta@fsu.is